SOS
BLAÐIÐ
NÓVEMBER 2026
SOS BARNAÞORPIN

Bls. 2
Hverjar eru væntingar þínar sem SOS-foreldri?

Bls. 6
Eva Ruza hitti fjölskyldur í Eþíópíu sem brutust út úr sárafátækt

Bls. 11
Björg og Cece heimsóttu styrktarbarnið sitt



Bls. 4

Gleðitár flæddu þegar Hafdís og Ambika hittust loks



Hverjar eru væntingar þínar sem SOS-foreldri?

Kæri styrktaraðili SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Við sendum þér þetta SOS blað með innilegu þakklæti fyrir stuðning þinn við börnin. Þetta er 32. árgangur blaðsins sem kemur nú út einu sinni á ári og er tilgangur þess að upplýsa þig um hvernig framlög þín koma að gagni og annað er snertir styrktaraðila SOS á Íslandi.



Hans Steinar Bjarnason
Kynningarstjóri

Flestir viðtakendur þessa blaðs eru SOS-foreldrar, SOS-fjölskylduvinir og SOS-neyðarvinir. *SOS-foreldri* er tvíþætt styrktarleið þar sem annars vegar er hægt að styrkja *stakt barn* og hins vegar *öll börnin* í tilteknu barnaþorpi. Þegar þú gerist SOS-foreldri er eðlilegt að þú hafir ákveðnar væntingar og hér ætla ég að snerta á því algengasta sem SOS-foreldrar velta fyrir sér.

SOS Barnaþorpin voru stofnuð árið 1949 til að veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum fjölskyldulíka umönnun í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Frá þeim tíma hefur starf samtakanna vaxið og náð til samfélaga um allan heim. Hátt í hundrað þúsund Íslendingar hafa styrkt börn í SOS barnaþorpum í nærri fjóra áratugi og margt hefur breyst á þeim tíma. Nú búa börnin t.d. ekki bara í barnaþorpum heldur í fjölbreyttri fjölskyldulíkri umönnun á vegum samtakanna.

Markmiðið er ávallt að hvert barn fái að alast upp við öryggi, stöðugleika og umhyggju í umhverfi sem styður heilbrigðan þroska þess. Þess vegna er „fjölskylda“ lykilorðið hérna og við tölum líka um „fjölskyldulíka“ umönnun.

Duga 4.500 kr. fyrir framfærslu barns?

SOS-foreldrar greiða almennt 4.500 krónur á mánuði fyrir að styrkja barn. Framfærslukostnaður eins barns er þó nokkuð hærri og þess vegna eru að meðaltali sjö SOS-foreldrar að baki hverju barni. Ekki eru fleiri en tveir til þrír frá Íslandi um hvert styrktarbarn. *SOS-foreldrar allra barna* styrkja ekki stakt barn heldur barnaþorpið í heild og fá almennar fréttir úr því.

Persónulegar upplýsingar um styrktarbörnin

SOS-foreldrar fá tvö bréf á ári með myndum og fréttum af styrktarbörnunum og af lífinu í barnaþorpinu. Stundum kemur ekki mynd af andliti styrktarbarnsins heldur mynd sem er annaðhvort tekin á hlið eða aftan á barnið. Þetta er þróun sem hefur átt sér stað eftir að ný persónuverndarlög tóku gildi árið 2018.

Víða í heiminum má ekki birta myndir af börnum þannig að þau séu auðþekkjanleg og er það í þeim tilgangi að vernda persónuupplýsingar þeirra og persónuverndarrétt. SOS Barnaþorpin hafa þó samþykki fyrir birtingu mynda af flestum þeim börnum sem eru á framfæri samtakanna. Slíkt samþykki er veitt skriflega af forráðafólki barnanna auk þess sem þau eiga sjálf rétt á að ákveða slíkt.

Af hverju eru bara jákvæðar fréttir af barninu í bréfunum?

Bréfin sem SOS-foreldrar fá með fréttum af styrktarbörnum sínum endurspegla raunveruleika barnanna í barnaþorpunum. Á árum áður fékk svo að segja allt að flakka í þessum bréfum og sums staðar er það enn þannig. Nýju persónuverndarlögin kveða hins vegar m.a. á um að ekki megi sýna börn í viðkvæmum eða berskjölduðum aðstæðum. SOS Barnaþorpin í mörgum löndum hafa því tekið upp þá stefnu að segja aðeins frá því jákvæða sem gerist í lífi barnanna og biðjum við SOS-foreldra vinsamlegast að sýna því skilning.

Af hverju hef ég ekki fengið bréf um styrktarbarnið mitt lengi?

Póstþjónusta hefur víða ekki náð sér á strik eftir heimsfaraldurinn. Einnig hafa barnaþorp í mörgum löndum hætt að senda bréf í pósti í sparnaðarskyni og senda bréfin eingöngu rafrænt. SOS-foreldrar sem þetta á við um hafa fengið tilkynningu um það. Þessi bréf berast þó SOS-foreldrum rafrænt.


Mínar síður

Þitt persónulega svæði á sos.is.

Allir SOS-foreldrar geta skoðað bréfin sín og myndir rafrænt á *Mínum síðum* á sos.is. *Mínar síður* er persónulegt svæði þitt á sos.is þar sem þú getur séð allt um þína styrki og gert breytingar á þínum upplýsingum. Þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum eða auðkennisappinu.

Spurt & Svarað á sos.is.

Ef þú hefur einhverjar spurningar sem ekki er svarað hér eða ef þú ert með aðrar vangaveltur hvet ég þig til að skoða *Spurt & Svarað* á sos.is. Þar er enn meiri fróðleikur.



Frá SOS barnaþorpi í Laos.

SOS-foreldrar eru mikilvægir.

Börn sem búa við erfiðustu aðstæður heims eiga skilið betri framtíð. Sem SOS-foreldri tekur þú þátt í langtímaverkefni þar sem við vinnum saman að varanlegum breytingum. Þetta er þolinmæðisverk sem krefst langtímastuðnings. Stuðnings sem veitir börnum öryggi, tryggir þeim mat á borðið, tækifæri til menntunar og stöðugt fjölskyldulíf. Takk fyrir að taka þátt í því með okkur. Stuðningur þinn skiptir raunverulegu máli.

Gleðitár flæddu þegar Hafdís og Ambika hittust loks



Ljósmynd: Silla Páls

Tilfinningaþrungin stund var á skrifstofu SOS Barnaþorpanna á Íslandi þann 5. október. Gleðitárin flæddu þegar Ambika Sharma og Guðrún Hafdís Karlsdóttir hittust, 33 árum eftir að Hafdís gerðist SOS-foreldri hennar. Ambika ólst upp í SOS barnaþorpi á Indlandi og skrifaðist á við Hafdísi sem barn. Ambika átti sér þann draum að fara í frí til Íslands og nota tækifærið til að hitta Hafdísi og þakka henni stuðninginn á uppvaxtarárunum en það reyndist hægara sagt en gert að hafa uppi á Hafdísi.

„Mikið er gott að sjá þig," voru fyrstu orð Hafdísar þegar þær föðmuðust. Ambika þakkaði henni innilega fyrir stuðninginn á árum áður. „Það var svo mikið, mikið sjálfsagt," svaraði Hafdís.

Leit Ambiku að Hafdísi hófst í mars 2025 en persónuverndarreglur flæktu málið því tengingin milli þeirra var ekki lengur til staðar í tölvukerfi SOS. Í júní var því auglýst eftir Hafdísi og vakti leitin landsathygli. Með hjálp samfélagsmiðla og fjölmiðla tókst að finna hana. Vandræði með vegabréfsáritun töfðu hins vegar komu Ambiku til Íslands en tæpum 19 mánuðum eftir að leitin hófst rættist draumurinn.



„Fiðrildin eru farin af stað og ég veit ekkert hvernig ég á að vera," sagði Hafdís skömmu áður en Ambika gekk inn um dyrnar. „Ég bjóst aldrei við að sjá hana." Í sömu andrá birtist Ambika og gekk beint til Hafdísar. Þær föðmuðust innilega, felldu gleðitár og skiptust á gjöfum.

„Ég get varla lýst því með orðum hvernig mér líður. Ég upplifði svo mikla gleði og hlýju við að hitta Hafdísi. Þetta var töfrandi stund," sagði Ambika.

„Ég fann strax fyrir sömu tengingu og hafði alltaf verið á milli okkar. Ekkert hafði breyst. Allar þær tilfinningar sem ég hafði upplifað í gegnum bréfin og póstkortin voru enn til staðar. Hún var nákvæmlega eins og ég hafði ímyndað mér hana, full af hlýju og góðmennsku. Ég fann þetta allt um leið og ég faðmaði hana."



Sýndi Ambiku staðina á gömlu póstkortunum

Ambika og eiginmaður hennar vörðu deginum með Hafdísi sem bauð þeim upp á íslenskan hádegisverð og útsýnisferð um miðbæ Reykjavíkur.

„Hún vildi sýna mér alla staðina sem hún hafði sent mér myndir af á póstkortum þegar ég var lítil stelpa. Hún hafði skrifað aftan á kortin og sagt mér frá þessum stöðum. Ég þekkti því norðurljósin, Alþingi, tjörnina með öndunum og alla þessa fallegu staði í gegnum myndirnar hennar."

Það kom Hafdísi á óvart hvað hjónin höfðu lesið sér vel til fyrir Íslandsferðina. „Þau vissu nánast um allt sem ég var að sýna þeim en þeim þótti svo vænt um að sjá það með eigin augum," sagði Hafdís. Þær höfðu um margt að ræða og spurðu hvor aðra ótal spurninga.

Hafdís og norðurljósin á sama deginum

Póstkort Hafdísar með myndum af norðurljósunum urðu kveikjan að Íslandsferð Ambiku og eiginmanns hennar. Þannig gátu þau látið tvo drauma rætast í sömu ferðinni, að hitta Hafdísi og sjá norðurljósin.

Þau höfðu ferðast um landið í nærri tvær vikur án þess að norðurljósin létu sjá sig. Þegar þau hittu Hafdísi á næstsíðasta degi ferðarinnar höfðu þau því aðeins uppfyllt annan drauminn. En örlögin gripu í taumana. Um kvöldið birtist ein fallegasta norðurljósasýning sem sést hafði á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni lengi.

„Ég er svo ótrúlega hamingjusöm. Ég fékk að eyða heilum degi með Hafdísi og svo sá ég líka norðurljósin á sama deginum. Þetta var allt svo töfrandi."

Hlakka til að skrifast reglulega á

Hvort Ambika og Hafdís hittast aftur verður framtíðin að leiða í ljós en þær hlakka báðar til að halda áfram bréfaskriftunum.

„Ambika spurði mig hvort ég ætti myndir af mér þegar ég var barn. Nú ætla ég að taka þær saman og gera afrit til að senda henni í næsta bréfi," sagði Hafdís.

Þær ætla þó ekki að nota tölvupóst eða aðrar rafrænar leiðir.

„Við viljum halda áfram að skrifast á með gamla laginu. Ég ætla að skrifa henni að minnsta kosti tvisvar á ári og auðvitað á afmælisdaginn okkar," sagði Ambika en þær eru báðar sérstaklega stoltar af því að eiga sama afmælisdag, 22. desember.

„Núna er afmælisdagurinn minn orðinn enn sérstakari í mínum huga," sagði Ambika að lokum.



Ambika sér norðurljósin í fyrsta sinn.



Átti ekki fyrir mat handa börnunum en rekur nú eigin veitingastað

Eva Ruza ásamt Asnakech og börnunum hennar.

Stundum fóru börnin hennar Asnakech svöng að sofa. Hún átti ekki alltaf fyrir mat, hvað þá skólabúningum og námsgögnum. Fjárhagserfiðleikarnir settu mikla pressu á hjónabandið og Asnakech sá enga leið út úr fátæktinni.



Þessi kona nýtur stuðnings íslenska verkefnisins og aflar tekna með vefiðnaði á heimili sínu.



Asnakech og eiginmaður hennar buðu Evu á veitingastaðinn sinn.

„Ég skammaðist mín, var niðurdregin og vonlaus. Ég hélt að líf mitt myndi aldrei breytast," segir Asnakech, sem býr í Arba Minch í Eþíópíu ásamt eiginmanni sínum og börnum. Árið 2024 urðu þáttaskil þegar fjölskyldan fékk aðstoð í gegnum fjölskylduhjálp SOS Barnaþorpanna, verkefni sem er fjármagnað frá Íslandi.

Eva Ruza, velgjörðarsendiherra SOS á Íslandi, heimsótti fjölskylduna í september.

„Ég held að ég hafi sjaldan fundið fyrir jafn miklu stolti og frá þessari fjölskyldu. Brosið þeirra var breitt og þau gengu um bein í baki vitandi að þau geta í dag framfleytt börnunum sínum," segir Eva.

Frá fátækt til sjálfstæðis

Asnakech fékk fræðslu um fjármál, rekstur og sparnað, auk stuðnings við uppeldi barnanna og fjölskyldusamskipti. Með aðstoð SOS fékk hún lán til að hefja eigin atvinnurekstur. Hún greiddi það upp og fékk síðar annað stærra lán.

Í dag rekur Asnakech eigin veitingastað, stundar sauðfjáreldi og hefur náð að byggja upp sparnað. Hún sýndi Evu veitingastaðinn sinn með miklu stolti.



Frá kennslustund í Arba Minch. Mörg börn geta nú sótt skóla vegna stuðnings frá Íslandi.

„Þau voru svo ánægð með hann að það var ekki annað hægt en að smitast af gleði þeirra. Þau hefðu aldrei getað opnað þennan stað ef ekki væri fyrir verkefni SOS," segir Eva.

Börnin fá nú betri umönnun, fjölskyldulífið er friðsælla og Asnakech hefur sjálf snúið aftur á skólabekk. Í desember 2025 útskrifaðist fjölskyldan úr verkefninu og stendur nú á eigin fótum.

Tilfinningarnar helltust yfir á kvöldin

Eva framleiddi fjölda myndbanda í ferðinni sem birtust á samfélagsmiðlum hennar og SOS Barnaþorpanna. „Dagarnir voru upplifun og tilfinningarússíbani í allar áttir," segir Eva, sem heimsótti meðal annars barnaskóla í Arba Minch.

„Börnin hlupu skríkjandi um skólalóðina, eltu sprunginn bolta og hoppuðu á bambusspjaldi sem átti að vera trampólín. Þetta eru bara börn sem eru glöð yfir því að geta verið í skóla."

En sterkustu tilfinningarnar komu þegar dagurinn var á enda.

„Á kvöldin þegar ég klippti saman myndefnið upplifði ég allar tilfinningarnar. Að sjá fólkið svona brosandi og ánægt gaf mér gleði í hjartað, en að heyra sögurnar um hvernig þau hafa barist fyrir lífi sínu stakk líka fast í hjartað. Ég mun aldrei gleyma þessari ferð né fólkinu sem opnaði dyrnar að heimilum sínum."

SOS-fjölskylduvinir styrkja fjölskyldur eins og Asnakech

Framlög SOS-fjölskylduvina styðja fjölskylduhjálp í Eþíópíu, Rúanda, Malaví og Úganda. Verkefnin njóta einnig fjármögnunar utanríkisráðuneytisins sem liður í þróunarsamvinnu Íslands.



Með kveðju til Íslands frá Gaza



Maha Lolas
SOS Barnaþorpunum í Palestínu

Ég heiti Maha og starfa sem tengiliður styrktaraðila hjá SOS Barnaþorpunum í Palestínu. Þessi frásögn hefur verið þýdd á íslensku af samstarfsfólki mínu hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi.

Búðir SOS Barnaþorpanna á miðju Gaza-svæðinu veita börnum og fjölskyldum áfram umönnun og skjól. SOS Barnaþorpin gera allt sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða eins marga og mögulegt er, en þörfin fyrir aðstoð er meiri en búðirnar og starfsfólk þeirra ráða við. Fjöldi fólks á svæðinu hefur ekki einu sinni tjöld til að sofa í og leitar til SOS Barnaþorpanna eftir aðstoð og mat.

Snákar komast inn í tjöldin

Börnin dvelja í búðunum á meðan reynt er að hafa uppi á foreldrum þeirra eða öðrum ættingjum. Þegar tekist hefur að sameina börnin fjölskyldum sínum halda SOS Barnaþorpin í Palestínu áfram að styðja við þau í gegnum neyðaraðstoð okkar á Gaza, meðal annars með fjárhagsaðstoð og stuðningi við andlega líðan. Við vinnum einnig með öðrum hjálparsamtökum að því að styðja fjölskyldur sem við höfum ekki bolmagn til að aðstoða beint.

Börn og fullorðnir í búðunum hafa enn aðgang að hreinu drykkjarvatni og mat en óvíst er hversu lengi verður hægt að koma nýjum birgðum þangað. Öfgakennt veðurfar gerir lífið á Gaza enn erfiðara. Byggingar víða um Gaza hafa eyðilagst og því eiga margir ekki annað skjól en tjöld. Þau veita litla vörn gegn síbreytilegum veðuraðstæðum og þá sérstaklega miklum sumarhitum. Rusl safnaðist einnig upp og með hækkandi hita í sumar fjölgaði snákum, rottum og skordýrum sem leituðu inn í tjöldin og juku hættuna á sýkingum.


En mig langar að deila með þér jákvæðri sögu

Í búðunum höfum við reist stórt tjald þar sem við starfrækjum skóla fyrir hundruð barna. Þar eru bækur og blýantar og börnin fá tækifæri til að læra og skrifa á ný. Þau eru svo glöð að vera komin aftur í skólann að þau vilja alltaf vera aðeins lengur. Þegar börnin verða hrædd erum við með ýmsar tómstundir til að dreifa huga þeirra. Við fáum t.d. stundum trúða til að koma og skemmta þeim.



Stuðningur þinn er lykillinn að því að allt þetta sé mögulegt. Hann hjálpar okkur að tryggja að börn í Palestínu fái áfram góða umönnun, menntun og sálfræðistuðning svo þau geti þroskast og dafnað – jafnvel á erfiðustu tímum. Fram undan er margra ára uppbyggingarstarf og við gefum hvergi eftir.

Kærar þakkir til SOS-foreldra barna á Gaza og SOS-neyðarvina á Íslandi fyrir stuðninginn. Maha.



Óttuðust að heimilið myndi hrynja

Þegar öflugir jarðskjálftar riðu yfir Venesúela í júní óttuðust fjögur börn Robexis að heimili þeirra myndi hrynja. Sjálf lá móðir þeirra andvaka á næturnar, full af áhyggjum af öryggi barnanna og framtíð fjölskyldunnar. Robexis sér fjölskyldunni farborða með því að baka kökur og selja, en eftir jarðskjálftana átti hún erfitt með að halda starfseminni gangandi. Ofan á óttann og óvissuna bættust því fjárhagsáhyggjur.

Fjölskyldan fékk hjálp frá SOS Barnaþorpunum. Robexis fékk mat og hreinlætisvörur ásamt stuðningi frá sálfræðingi. Börnin tóku jafnframt þátt í leikjum og öðru starfi sem hjálpaði þeim að vinna úr óttanum og endurheimta öryggiskenndina. „Með þessari hjálp tókst mér að halda áfram," segir Robexis.

Neyðaraðgerðir SOS

SOS Barnaþorpin á Íslandi senda reglulega fjármagn til neyðaraðgerða þegar eftir því er óskað af aðildarlandi SOS. Framlögum **SOS-neyðarvina** er varið í að styrkja neyðaraðgerðir SOS fyrir börn og fjölskyldur þeirra í stríði og á öðrum hamfarasvæðum. Útbreiðsla SOS Barnaþorpanna er mikil og samtökin eru því nálægt þegar hörmungar skella á. Þetta ber hæst á árinu 2026.

- **10 milljónir** króna til SOS í **Venesúela** eftir jarðskjálfta í júní.
- **13 milljónir** króna til SOS í **Nepal** eftir mannskæð flóð í ágúst.
- Rúmar **40 milljónir** króna til **Sómalílands*** vegna alvarlegra þurrka og matvælaskorts.
- Rúmar **13 milljónir** króna til SOS Barnaþorpanna í **Súdan** vegna borgarastyrjaldar.
- **19,5 milljónir** króna til SOS í **Úkraínu***. Sumarbúðir fyrir börn sem hafa orðið fyrir alvarlegum áhrifum af stríðinu.

** Styrkt af utanríkisráðuneyti Íslands*

Neyðaraðgerðir SOS fela m.a. í sér:

- Sálfræðiaðstoð
- Fjölskylduumönnun fylgdarlausra barna
- Skráning barna sem hafa orðið viðskila við fjölskyldur sínar, leit að fjölskyldum þeirra og sameining
- Vernd og fræðsla
- Barnvæn svæði
- Aðgerðir til að tryggja lífsviðurværi
- Tryggja fæðuöryggi og lyf
- Fjárstyrkir og almenn neyðaraðstoð
- Fjölskylduhjálp – eflandi stuðningur



Mikil eyðilegging varð í Rasuwa-héraði í Nepal eftir mannskæð skyndiflóð í ágúst. Fjöldi barna og fjölskyldna nýtur mikilvægrar aðstoðar frá SOS.

Öflugur stuðningur Íslendinga við börn um allan heim



Á árinu 2025 styrktu 19.430 einstaklingar og 437 lögaðilar SOS Barnaþorpin á Íslandi, ýmist með mánaðarlegum framlögum, stökum eða bæði. Heildartekjur samtakanna námu 932,9 milljónum króna og var hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar aðeins 15,9%. Þetta þýðir að á árinu 2025 rann 841 króna af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið.

Heildarframlög styrktaraðila námu 859,8 milljónum króna og af þeim komu 74% frá almenningi. Opinber framlög hækkuðu milli ára og námu 153,6 milljónum króna. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS-foreldrum sem við sendum til SOS barnaþorpa í 107 löndum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársskýrslu SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem aðgengileg er á heimasíðu okkar, **sos.is.**

SOS á Íslandi í lok árs 2025

19.867
einstaklingar og lögaðilar styrktu SOS

107
Íslendingar styrktu börn og barnaþorp í 107 löndum

9.555
fjöldi barna og barnaþorpa styrkt af Íslendingum

10.526
mánaðarlegir styrktaraðilar

860 m.kr.
heildarframlög styrktaraðila

933 m.kr.
heildartekjur

15,9%
skrifstofu- og stjórnunarkostnaður



841 kr
af hverjum **1.000 kr**
runnu í sjálft hjálparstarfið



Björg og Cece hittu styrktarbarn sitt í Gíneu

Ljósmynd: SOS Barnaþorpin í Gíneu.

Það var einstök tilviljun þegar hjónin Björg og Cece uppgötvuðu að stúlkan sem þau voru nýbyrjuð að styrkja hjá SOS Barnaþorpunum byggi í heimabæ hans, N'zérékoré í Gíneu. Í sumar fengu þau tækifæri til að heimsækja hana og úr varð ógleymanleg upplifun sem Björg segir hér frá með eigin orðum.

Eftir talsverða pappírsvinnu til að fá leyfi til að heimsækja styrktarbarnið okkar rann stóri dagurinn loksins upp, 7. júlí. Við fórum saman – ég, Cece, Elísa og foreldrar hans. Það var tekið einstaklega vel á móti okkur. Áður en við hittum börnin voru skilríkin okkar yfirfarin og við fengum kynningu á starfinu, reglunum og barnaþorpinu. Það sem stóð sérstaklega upp úr var hversu mikið öryggi var á svæðinu og hversu vel hugsað er um börnin.

Svo kom augnablikið sem við höfðum beðið eftir. Við gengum inn í lítinn sal þar sem börnin og starfsfólkið tóku á móti okkur með söng og lófataki. Börnin höfðu skoðað hvar Ísland er á heimskortinu og undirbúið spurningar handa okkur.

> **Ég sá styrktarbarnið okkar um leið og við gengum inn. Á þeirri stundu varð allt svo raunverulegt.**

Hún kom til okkar með fallega innpakkaða gjöf – teikningu sem hún hafði gert sjálf og skrifað á. Það er gjöf sem ég mun varðveita alla ævi.

Börnin forvitin um Ísland

Ég hafði útbúið myndasýningu um Ísland þar sem við sýndum meðal annars snjó, norðurljós, Reykjavík og íslensku jólasveinana. Börnin voru ótrúlega forvitin og spurðu meðal annars hvort norðurljósin væru raunveruleg og hvort ekki væri alltof kalt að leika sér í snjónum.

Það var mikið hlegið þegar ég sagðist þurfa að drekka MIIIIKIÐ vatn með gíneskum mat því hann væri svo sterkur!

Eftir myndasýninguna fengum við dýrmæta stund með styrktarbarninu okkar. Við sátum saman og spjölluðum, þótt starfsfólkið væri alltaf með okkur samkvæmt reglum barnaþorpsins.

Kveðjustundin var ekki auðveld. Við vorum ótrúlega þakklát fyrir þetta einstaka tækifæri. Reglur SOS Barnaþorpanna um heimsóknir hafa verið hertar mikið á síðustu árum og það er vel skiljanlegt. Öryggi barnanna kemur alltaf fyrst.

Við munum aldrei gleyma þessari heimsókn. Að styrkja barn kostar okkur lítið í hverjum mánuði en getur skipt gríðarlega miklu máli fyrir barnið. Við getum sannarlega mælt með því af eigin reynslu.



Komin í háskólanám vegna erfðagjafar Baldvins

Alls hafa 30 ungmenni í Rúanda hafið háskólanám fyrir tilstilli erfðagjafar frá Íslandi. Markmiðið er að gera 39 ungmennum, sem notið hafa stuðnings SOS Barnaþorpanna, kleift að ljúka háskólanámi og skapa sér betri framtíð. SOS Barnaþorpin á Íslandi vörðu alls 23 milljónum króna af erfðagjöf Baldvins Leifssonar til námsstyrkjanna. Verkefnið er unnið í samstarfi við UNICAF, alþjóðlegan háskóla- og námsstyrkjavettvang sem býður upp á fjarnám í samstarfi við viðurkennda háskóla.

Mynd: Nemendur í Rúanda ræða saman á viðburði UNICAF í höfuðborginni Kígalí.



Frá SOS barnaþorpi á Máritíus.

Munaðarlaus börn á Máritíus eignast heimili og fjölskyldu

Erfðagjöf Baldvins heitins er sú stærsta í sögu SOS Barnaþorpanna á Íslandi, 138 milljónir króna. Nú þegar eru fjölmörg börn og ungmenni farin að njóta góðs af þeirri ákvörðun Baldvins að arfleiða samtökin. Auk háskólastyrkjanna hefur 31,5 milljónum króna af erfðagjöfinni verið ráðstafað í kaup á þremur húsum fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn á eyjunni Máritíus á Indlandshafi. Um sex til sjö börn fá heimili í hverju húsi ásamt SOS mæðrum sínum, samtals 18-21 barn í senn. Húsin eru ekki í hefðbundnum barnaþorpum heldur verða þau heimili SOS fjölskyldna inni í íbúðarhverfum.

Hvað veistu um gerð erfðaskrár?

Erfðagjafir hafa gert SOS Barnaþorpunum kleift að fjármagna fjölmörg verkefni í þágu barna og ungmenna eins og þau sem hér hafa verið talin upp. Erfðagjafir til góðgerðarsamtaka eru undanþegnar erfðafjárskatti. Með því að gera erfðaskrá tekurðu sjálf(ur) ákvörðun um hvernig eignir þínar nýtast eftir þinn dag. Eigi einstaklingur hvorki skylduerfingja né lögerfingja renna eigur hans til ríkissjóðs, nema viðkomandi hafi gert ráðstafanir um annað í erfðaskrá.

Á heimasíðu okkar undir slóðinni **sos.is/styrkja/erfdagjof** má finna fræðslumyndbandið *Erfðagjafir og góðgerðarsamtök* um gerð erfðaskráa. Þar ræðir Páll Magnússon við lögfræðinginn Elínu Sigrúnu Jónsdóttur hjá *Búum vel* og Hans Steinar Bjarnason, kynningarstjóra SOS Barnaþorpanna á Íslandi.



Frá SOS barnaþorpi í Seðlabankann



Sharon var sjö ára þegar hún kom í SOS barnaþorp í Esvatíní, áður Svasílandi, í sunnanverðri Afríku. Þar fékk hún ekki aðeins öruggt heimili heldur einnig tækifæri til menntunar sem lagði grunninn að farsælum starfsferli. Í dag gegnir hún stjórnunarstöðu hjá Seðlabanka Esvatíní. Gefum Sharon orðið.

Ég var aðeins sjö ára þegar ég flutti ásamt fimm ára systur minni í SOS barnaþorpið í Mbabane. Móðir okkar glímdi við alvarleg geðræn veikindi og gat hvorki annast okkur né tryggt okkur skólagöngu.

Í barnaþorpinu eignuðumst við nýja fjölskyldu. Þar tók SOS móðir á móti okkur ásamt aðstoðarkonu sinni og átta öðrum börnum. Okkur var tekið opnum örmum og þarna eignaðist ég heimili þar sem mér leið vel og ég gat horft björtum augum til framtíðar. Ég á yndislegar minningar frá æskuárunum. Við fórum í skemmtiferðir, sund og hestaferðir og ég eignaðist marga góða vini.

Menntun stærsta tækifærið

Með stuðningi SOS Barnaþorpanna fékk ég að stunda framhaldsnám í Gana og síðar háskólanám í Suður-Afríku þar sem ég lærði sálfræði og mannauðsstjórnun. Ég lauk einnig framhaldsnámi á sviði mannauðsmála. Að námi loknu hóf ég störf í bankakerfinu og vann mig smám saman upp í stjórnunarstöður. Í dag starfa ég sem stjórnandi á sviði skipulags- og starfsþróunar hjá Seðlabanka Esvatíní. Ég er gift og á tvær dætur.

Ég verð SOS Barnaþorpunum ævinlega þakklát fyrir þau tækifæri sem ég fékk. Ég vona innilega að fleiri börn fái sömu möguleika til að mennta sig, láta drauma sína rætast og byggja upp betri framtíð.

SOS-foreldra vantar fyrir Esvatíní

Í Esvatíní er munaðarleysi barna óvenju útbreitt. Samkvæmt upplýsingum Sameinuðu þjóðanna frá 2019 hafði fjórða hvert barn misst annað foreldri sitt eða bæði. Þörfin fyrir öruggt heimili og kærleiksríka umönnun er gríðarleg og hafa SOS Barnaþorpin á Íslandi ákveðið að efla stuðning við starfsemi samtakanna í Esvatíní.

Sem styrktaraðili SOS ert þú nú þegar að breyta lífi barns eða barna. Getur þú gert enn meira og styrkt barnaþorp í Esvatíní? Skráðu þig sem SOS foreldri barnaþorps - á sos.is.





Glerkúlur og gæðastund með afa

Ljósmynd: Pearl Sandhu



Hjördís Rós Jónsdóttir
Fræðslufulltrúi

Kham* er ungur strákur sem býr í litlu þorpi nálægt höfuðborg Laos. Hann er flinkur glerkúluspilari og með einstakri fingrafimi nær hann yfirleitt að skjóta kúlunum á rétta staði í kúluspilinu sínu. Kham býr hjá ömmu sinni og afa en foreldrar hans búa í öðru landi. Fjölskyldan bjó við mikla fátækt en hefur nú fengið stuðning frá SOS Barnaþorpunum til að standa á eigin fótum.

Amma hans og afi eru bændur og vakna snemma á hverjum morgni til að fara á markaðinn með grænmetið sem þau rækta sjálf. Afi Kham skutlar honum líka í skólann á hverjum degi. Eftir langan dag finnst Kham gott að koma heim. Þá setjast þeir afi gjarnan saman, spjalla um daginn og afi segir Kham sögur frá því í gamla daga. Á meðan gæða þeir sér á gómsætum ávöxtum af trjánum í kring og njóta samverunnar.

** Nafni breytt til að gæta persónuverndar*

Öðruvísi jóladagatal SOS Barnaþorpanna

Sagan af Kham er ein af þeim sögum sem finna má í jóladagatalinu okkar í ár. Undirrituð heimsótti Laos fyrr á árinu til að kynnast starfsemi samtakanna og taka upp myndbönd fyrir jóladagatalið. Þar hitti ég mörg frábær börn og lærði m.a. að útbúa vinsælan eftirrétt frá Laos og mun sýna ykkur afraksturinn af því.

Við munum einnig ferðast til annarra landa í jóladagatalinu og fáum að kynnast börnum sem búa víðs vegar um heiminn. Á hverjum degi í desember fram að jólum opnast nýr gluggi með nýjum fræðandi ævintýrum á heimasíðu okkar, sos.is.



Ljósmynd: Pearl Sandhu

Stafarugl

Stafarugl SOS Barnaþorpin vinna meðal annars að því að tryggja að börn fái tækifæri til að ganga í skóla og stunda nám.

Getur þú fundið 10 orð í orðaleitinni sem tengjast skóla og námi? (Orðin geta verið lóðrétt, lárétt eða á ská.)

Sendu okkur svarið á getraun@sos.is fyrir 10. desember og þú átt möguleika á að vinna vörur úr vefverslun SOS Barnaþorpanna.

Við höfum samband við heppna vinningshafa í desember og birtum nöfn vinningshafa á heimasíðu okkar.

Verður heppnin með þér?



B	U	Y	D	D	A	R	I	Í	R
O	L	S	L	P	K	B	R	L	E
R	F	Ý	Ý	E	Ó	R	A	M	G
Đ	I	K	A	S	B	V	N	B	L
Ö	N	X	Æ	N	T	Đ	N	A	U
L	N	E	H	T	T	D	E	Á	S
L	E	G	S	I	H	U	K	X	T
Ó	P	P	H	T	Í	P	R	Ö	I
T	F	V	T	Á	I	Ú	D	Æ	K
S	K	Ó	L	A	T	A	S	K	A

SOS BARNAÞORPIN

Hamraborg 1, 200 Kópavogi
S: 564 2910
sos@sos.is - sos.is

SOS-BLAÐIÐ, 32. árgangur, nóvember 2026.
Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi.
Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason.

Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram.
Forsíðumynd: Silla Páls.
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi, Svansvottuð prentsmiðja.



SOS BARNAÞORPIN

Gjöf þarf ekki að vera eitthvað sem endar ofan í skúffu eða safnar ryki

Gjafabréf SOS Barnaþorpanna er falleg og þýðingarmikil gjöf – um leið og hún styður við börn og fjölskyldur sem þurfa á stuðningi að halda. Andvirði gjafabréfsins er framlag í nafni þess sem fær gjafabréfið.

Veldu það gjafabréf sem hentar best



- Neyðaraðstoð
- Sterkar stelpur
- Húsdýr
- Stuðningur við barnafjölskyldu
- Matjurtagarður
- Hreinlætisaðstaða
- Út á vinnumarkaðinn
- Fyrir mömmu
- Fyrir pabba
- Stóri pakkinn

Kaup á gjafabréfum SOS Barnaþorpanna veita skattaafslátt

Það er einfalt og fljótlegt að útbúa gjafabréfið í vefverslun á

sos.is/verslun/gjafabrefin

Þú prentar það út eða færð sent.